

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA HÉRAÐSSAKSÓKNARA

Embætti héraðssaksóknara ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Haustið 2018 kynnti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun í loftslagsmálum fyrir árin 2018-2030 þar sem kveðið er á um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030. Aðgerðaráætluninni er ætlað að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamkomulagsins til 2030 og markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040. Embætti héraðssaksóknara leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

FRAMTÍDARSÝN

Tilgangur með loftslagsstefnu embættis héraðssaksóknara er að draga markvisst úr áhrifum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL) af starfseminni og leggja mat á og miðla árangri og hafa þannig bein og óbein áhrif á loftslagsskuldbindingar landsins.

MARKMIÐ

Embætti héraðssaksóknara ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019 og stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2022.

GILDISSVIÐ

Stefna þessi hefur það hlutverk að stuðla að vernd umhverfisins og tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri embættis héraðssaksóknara. Stefnan tekur til allrar starfsemi embættis héraðssaksóknara og varðar alla starfsmenn embættisins. Loftlagsáhrif embættisins eru mest vegna losunar frá flugferðum starfsmanna, akstri starfsmanna til og frá vinnu og öðrum akstri á vegum embættisins. Áhrifin ná einnig til losunar vegna úrgangs og orkunotkunar.

UMFANG

Umhverfis- og loftslagsstefna embættisins fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

SAMGÖNGUR

- Losun GHG vegna aksturs á bifreiðum embættisins
- Losun GHG vegna aksturs bílaleigu og leigubíla
- Losun GHG vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun GHG vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Fjöldi samgöngusamninga sem embættið gerir við starfsmenn

ORKUNOTKUN

- Rafmagnsnotkun á starfsstöð
- Heitavatnsnotkun á starfsstöð

ÚRGANGUR

- Losun GHG vegna lífræns úrgangs sem fellur til
- Losun GHG vegna blandaðs úrgangs sem fellur til
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til
- Magn útprentaðs skrifstofupappírs (miðað er við að allur útprentaður pappír verði endurunninn)

INNKAUP

- Hlutfall umhverfissvottaðs skrifstofupappírs sem embættið kaupir
- Hlutfall umhverfissvottaðrar ræstipjónustu og ræsti- og hreinsiefna sem embættið kaupir
- Hlutfall umhverfissvottaðra matvæla sem embættið kaupir
- Magn rekstrarvara, raftækja og prenthylkja sem embættið kaupir

ÁHERSLUR Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Færa Grænt bókhald

- Efla fjarfundarmenningu, rafræn samskipti og vistvæna varðveislu skjala.
- Draga úr úrgangsmyndun og auka endurvinnslu
- Huga að orkusparnaði
- Stuðla að umhverfisvænum innkaupum
- Kolefnisjafna losun með ábyrgum hætti
- Leggja áherslu á að efla þekkingu starfsmanna í loftslagsmálum og umhverfismálum almennt
- Vinna að verkefnum samkvæmt aðgerðum Grænna skrefa í ríkisrekstri og uppfylla öll fimm grænu skrefin í lok árs 2022

Árlega verði skoðaðar mælingar samkvæmt grænu bókhaldi næst liðins árs og stefna og framkvæmd endurskoðuð í ljósi þeirra niðurstaða.

EFTIRFYLGNI

Umhverfis og loftslagsstefnu embættis héraðssaksóknara er fylgt eftir með því að ljúka innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri sem hófst hjá embættinu árið 2019.

Árangur loftslagsstefnu embættisins er mældur í gegnum Grænt bókhald þar sem upplýsingum um samgöngur, úrgangsmyndun, orkunotkun, neyslu og kolefnislosun frá starfseminni er safnað saman. Fyrir 1. apríl ár hvert tekur rekstrarfulltrúi embættisins Grænt bókhald fyrra árs saman og skilar því í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Niðurstöðurnar eru síðan nýttar til að greina tækifæri til úrbóta, sýna fram á gagnsemi stefnunnar og halda starfsfólki upplýstu um hvernig miðar við framkvæmd hennar.

Loftslagsstefnan er samþykkt og rýnd árlega af Héraðssaksóknara. Lagt er mat á árangur hennar, framkvæmd einstakra þátta og upplýsingum miðlað um þau efni á vefsíðu embættis héraðssaksóknara og innra svæði embættisins.